

# Sumarbústaðatrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. GF30

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. GF30.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### EFNISYFIRLIT

	Blaðsíða
<b>I. Brunatrygging sumarbústaða</b>	2
<b>II. Viðbótarbrunatrygging sumarbústaða (valkvætt)</b>	5
<b>III. Innbústrygging sumarbústaða (valkvætt)</b>	8
A. Almennir skilmálar	8
B. Innbú	9
C. Orlofstækjatrygging (valkvætt)	12
D. Kæli- og frystivörutrygging (valkvætt)	13
E. Ofhitnun á þvotti (valkvætt)	13
<b>IV. Húseigendatrygging sumarbústaða (valkvætt)</b>	13
A. Almennir skilmálar	14
B. Sumarbústaðurinn	15
C. Sólpallur og fleira (valkvætt)	17
D. Frístandandi hús (valkvætt)	18
E. Heitur pottur (valkvætt)	20
F. Ábyrgðartrygging sumarbústaða	21

## I. Brunatrygging sumarbústaða

Vátrygging þessi er samkvæmt lögum um brunatryggingar nr. 48/1994 og reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Bótasvið
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Samsömun
8. Áhættubreyting
9. Útreikningur iðgjalds
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Ákvörðun bóta
14. Undirtrygging
15. Virðing tjóns
16. Upphaf og lok ábyrgðar
17. Eigendaskipti
18. Ágreiningur um fjárhæð brunabótamats og bótafjárhæð
19. Tvítrygging
20. Fyrning

### 1. Vátryggðir hagsmunir

- 1.1. Vátryggingin tekur til sumarbústaðarins sem er tilgreindur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, á þeim stað sem þar er tiltekinn.
- 1.2. Vátryggingin tekur jafnframt til venjubundins fylgifyjár sumarbústaðarins sem fellur undir brunabótamat hans í samræmi við matsreglur Þjóðskrár Íslands á hverjum tíma. Vátryggingin tekur m.a. til eftirfarandi atriða, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati eignarinnar:
  - 1.2.1. Fastra innréttinga, s.s. fastra stóla og bekkja.
  - 1.2.2. Allra varanlegra lagna, s.s. vatns-, hita-, loftræsti-, skolp-, raf-, síma- og tölvulagna.
  - 1.2.3. Venjubundins fylgifyjár sumarbústaða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneti (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, s.s. eldvarnar- og innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar. Einnig tekur hún til gólfefna sem hafa verið tilsníðin fyrir sumarbústaðinn og varanlega komið fyrir í

henni, ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld.

- 1.2.4. Botnplatna og undirstaða ásamt fyllingu, einangrun og lögnum í grunni allt að 1,2 m niður fyrir efri brún botnplötu.
- 1.2.5. Skjólveggja og annarra mannvirkja, svo sem sólpalla, sem eru tengd við sumarbústaðinn og koma fram á samþykktum uppdráttum. Hafi mannvirki þessi verið reist síðar en húseignin skal bygging þeirra hafa verið tilkynnt vátryggingarfélagi og endurmats óskað samkvæmt 8. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000.
- 1.2.6. Nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila eftir að sumarbústaðurinn var reistur.
- 1.2.7. Kostnaðar við að hreinsa sumarbústaðinn og ryðja burt brunarústum.

### 2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1. Eigandi sumarbústaðsins er vátryggður.
- 2.2. Réttthafar að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í sumarbústaðnum eru meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 3. Bótasvið

#### 3.1. Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.1.1. Eldsvoða.
- 3.1.2. Eldingar.
- 3.1.3. Sprengingar í gufukatli til upphitunar sumarbústaða og tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar sumarbústaða.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 3.1.4. Vegna elds er eigi verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.
- 3.1.5. Á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum þegar tjón orsakast af spennubreytingu, ofhitnun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði, og spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.

3.1.6. Á vél eða katli sem sprengingin verður í.

### 3.2. Sóttfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

3.2.1. Sóttfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara.

**Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

3.2.2. Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun, s.s. sót frá reykháfi eða kertum.

### 3.3. Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

3.3.1. Loftfara og hluta sem frá þeim falla.

### 3.4. Slökkvi- og björgunaraðgerðir

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

3.4.1. Slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar.

**Vátryggingin bætir ekki:**

3.4.2. Óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h.

3.4.3. Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar.

## 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

4.1. Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

4.2. Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

4.3. Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 5. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður og brunavarnir á og við hina vátryggðu eign sé í

samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

## 6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Áhættubreyting

Allar breytingar á gerð sumarbústaðsins og notkun er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Útreikningur iðgjalds

Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá brunabótamati sumarbústaðsins, notkunar hans og staðsetningu.

## 10. Greiðsla iðgjalds

10.1. Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

10.2. Iðgjöld hvíla sem lögveð á vátryggðum sumarbústað og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á henni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs. Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að selja hina vátryggðu eign á uppboði, sbr. lög um nauðungarsölu nr. 90/1991.

## 11. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef sumarbústaðurinn eyðileggst vegna tjóns sem vátryggingin tekur til.

## 12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1. Vátryggingarfjárhæð sumarbústaðs skal nema brunabótamati hans samkvæmt Þjóðskrá Íslands á hverjum tíma.
- 12.2. Hafi sumarbústaður verið stækkaður eða endurbættur umfram venjulegt viðhald skal vátryggður láta meta hana að nýju, og eigi síðar en fjórum vikum eftir að stækkun eða endurbótum lauk. Vátryggðum ber einnig að óska endurmats sumarbústaðarins telji hann vátryggingarfjárhæðina ekki í samræmi við raunvirði hans með tilliti til byggingarkostnaðar, gerðar, aldurs og ástands.
- 12.3. Vátryggðum er heimilt að óska eftir nýju brunabótamati á sumarbústaðinn hvenær sem er, enda fer matið fram á kostnað hans. Sé ágreiningur milli félagsins og vátryggðs um fjárhæð brunabótamats getur félagið einnig óskað endurmats. Það mat er á kostnað félagsins sé fyrra matið staðfest.
- 12.4. Breyta skal vátryggingarfjárhæðum árlega í samræmi við matsreglur Þjóðskrá Íslands samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 809/2000. Jafnframt breytist vátryggingarfjárhæð mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

## 13. Ákvörðun bóta

- 13.1. Vátryggingarbótum skal varið til að gera við sumarbústað sem skemmt hefur eða til að byggja hann upp að nýju. Bætur falla eigi í gjalddaga fyrr en viðgerð eða endurbygging hefur farið fram. Nú hefur viðgerð farið fram að hluta og á þá vátryggður rétt á greiðslu á viðgerðarkostnaði sem þegar er á fallinn. Engar bætur verða þó greiddar fyrr en að lokinni opinberri rannsókn vegna tjónsatburðarins eða, hafi sakamál verið höfðað, að gengnum fullnaðardómi.
- 13.2. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita framangreinda undanþágu frá byggingarskyldu og telji félagið brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignarinnar er félaginu heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar að lóð meðtalinni að frádregnum nefndum 15%.

## 14. Undirtrygging

- 14.1. Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu og Þjóðskrá Íslands um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verðaukningu sumarbústaðar sem orðið hefur eftir að hann var síðast metintil brunabóta.
- 14.2. Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 15. Virðing tjóns

- 15.1. Matsmenn á vegum félagsins meta tjón og ber félaginu að hlutast til um að virðing fari fram svo fljótt sem verða má. Skulu helstu liðir virðingarinnar sérgreindir.
- 15.2. Skylt er tjónþola að veita þær upplýsingar sem hann getur um tjón og orsök þess og að leggja fram bækur, reikninga, áætlanir, uppdrætti og annað sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.
- 15.3. Ef gerðar hafa verið breytingar eða viðbætur sem auka verðmæti hinnar vátryggðu eignar eftir að hún hefur verið vátryggð hjá félaginu og þessa verðmætisauka hefur ekki verið mætt með aukinni vátryggingu skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna.
- 15.4. Eyðileggist sumarbústaðurinn algerlega skulu matsmenn kanna hvort vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við raunverulegt verðmæti eignarinnar á tjónsdegi.
- 15.5. Meta skal viðgerðarkostnað á hinu vátryggða og ber þá að miða við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast er vátryggingaratburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.
- 15.6. Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem eigi teljast lengur hagkvæmar.
- 15.7. Hafi verið ákveðið að rífa sumarbústaðinn eða ástand hans var með þeim hætti að niðurrið var óhjákvæmilegt áður en vátryggingaratburðurinn varð skal miða bótafjárhæð við verðmæti sumarbústaðarins til niðurriðs.
- 15.8. Vátryggðum er óheimilt að raska vettvangi fyrr en matsmenn félagsins hafa metið tjónið.

## 16. Upphaf og lok ábyrgðar

- 16.1. Þrátt fyrir gr. 1.1 í sameiginlegum skilmálum félagsins (YY10) gengur þessi vátrygging í gildi

þegar félagið, einhver á vegum þess eða Þjóðskrá Íslands, hefur sannanlega tekið við vátryggingarbeiðni, enda liggja fyrir beiðni um brunabótamat eignarinnar. Sama á við um gildistöku endurmats.

- 16.2. Félaginu er ekki heimilt að fella úr gildi vátrygginguna nema fyrir liggja staðfesting á að sumarbústaðareigandi hafi tekið nýja vátryggingu hjá öðru félagi.

## 17. Eigendaskipti

Sé um eigendaskipti að ræða gengur vátryggingin í gildi á afhendingardegi sem tiltekinn er í kaupsamningi um sumarbústaðinn eða öðrum eignarheimildarskjölum. Séu liðnir meira en 14 dagar frá afhendingu eignar við skráningu eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna eða upplýsingar liggja ekki fyrir um afhendingardag skal vátryggingin taka gildi á skráningardegi eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna.

## 18. Ágreiningur um fjárhæð brunabótamats og bóta-fjárhæð

- 18.1. Rísi ágreiningur milli félagsins og vátryggðs um fjárhæð brunabótamats fer um endurmat samkvæmt gr. 12.3. Vilji félagið eða vátryggður ekki una niðurstöðu endurmats Þjóðskrá Íslands er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingarmála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.

- 18.2. Hafi tjón orðið og ágreiningur er um bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum er héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefni hverju sinni. Greiða skal kostnað vegna gerðardóms samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingarmála setur. Kostnaðinn ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.

## 19. Tvítrygging

- 19.1. Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 19.2. Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 19.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 20. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## II. Viðbótarbrunatrygging sumarbústaða

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Bótasvið
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Samsömun
8. Áhættubreyting
9. Útreikningur iðgjalds
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Ákvörðun bóta
14. Virðing tjóns
15. Eigendaskipti
16. Tvítrygging
17. Fyrning

### Inngangur:

Vátryggingin nær til brunatjóns á vátryggðum sumarbústað þegar fjárhæð brunabótamats nægir ekki til endurbyggingar sumarbústaðar, vegna tjóns sem bætt er úr lögboðinni brunatryggingu sumarbústaða.

### 1. Vátryggðir hagsmunir

- 1.1. Vátryggingin tekur til sumarbústaðarsem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, á þeim stað sem þar er tiltekinn.
- 1.2. Vátryggingin tekur jafnframt til venjubundins fylgifyr sumarbústaðarins sem fellur undir brunabótamat hans í samræmi við matsreglur Þjóðskrá Íslands á hverjum tíma. Vátryggingin tekur m.a. til eftirfarandi atriða, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati eignarinnar:

- 1.2.1 Fastra innréttinga, s.s. fastra stóla og bekkja.
- 1.2.2 Allra varanlegra lagna, s.s. vatns-, hita-, loftræsti-, skolp-, raf-, síma- og tölvulagna.
- 1.2.3 Venjubundins fylgifyrjar sumarþústaða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneta (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, s.s. eldvarnar- og innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfæld eru í loft eða klæðningar. Einnig tekur hún til gólfefna sem hafa verið tilsníðin fyrir sumarþústaðinn og varanlega komið fyrir í honum, ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld.
- 1.2.4 Botnplatna og undirstaða ásamt fyllingu, einangrun og lögnum í grunni allt að 1,2 m niður fyrir efri brún botnplötu.
- 1.2.5 Skjólveggja og annarra mannvirkja, svo sem sólpalla, sem eru tengd við sumarþústaðinn og koma fram á samþykktum uppdráttum.
- 1.2.6 Nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila eftir að sumarþústaðurinn var reistur.
- 1.2.7 Kostnaðar við að hreinsa sumarþústaðinn og aðra vátryggða hagsmuni sem falla undir þessa vátryggingu eftir bótaskyld tjön og ryðja burt brunarústum.

## 2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1. Eigandi sumarþústaðsins er vátryggður.
- 2.2. Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu.

## 3. Bótasvið

### 3.1. Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.1.1. Eldsvoða.
- 3.1.2. Eldingar.
- 3.1.3. Sprengingar í gufukatli til upphitunar sumarþústaða og tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar sumarþústaða.

### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 3.1.4. Vegna elds er eigi verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.
- 3.1.5. Á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum þegar tjón orsakast af spennubreytingu, ofhitnun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði, og spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.
- 3.1.6. Á vél eða katli sem sprengingin verður í.

## 3.2. Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.2.1. Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara.

### Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- 3.2.2. Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun, s.s. sót frá reykháfi eða kertum.

## 3.3. Loffför

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.3.1. Lofffara og hluta sem frá þeim falla.

## 3.4. Slökkvi- og björgunaraðgerðir

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.4.1. Slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar.

### Vátryggingin bætir ekki:

- 3.4.2. Óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, tóf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.p.h.
- 3.4.3. Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eitrefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar.

## 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1. Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2. Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3. Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 5. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður og brunavarnir á og við hina vátryggðu eign sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

## 6. Brot á varúðarreglum

Skyllt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Áhættubreyting

Allar breytingar á gerð sumarbústaðarins og notkun er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Útreikningur iðgjalds

Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun sumarbústaðarins og staðsetningu.

## 10. Greiðsla iðgjalds

- 10.1. Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 10.2. Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu

vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 11. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef sumarbústaðurinn eyðileggst vegna tjóns sem vátryggingin tekur til.

## 12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1. Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2. Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 12.3. Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar.

## 13. Ákvörðun bóta

- 13.1. Vátryggingarbótum skal varið til að gera við sumarbústað sem skemmst hefur eða til að byggja hann upp að nýju. Bætur falla eigi í gjalddaga fyrr en viðgerð eða endurbygging hefur farið fram. Nú hefur viðgerð farið fram að hluta og á þá vátryggður rétt á greiðslu á viðgerðarkostnaði sem þegar er á fallinn. Engar bætur verða þó greiddar fyrr en að lokinni opinberri rannsókn vegna tjónsatburðarins eða, hafi sakamál verið höfðað, að gengnum fullnaðardómi.
  - 13.1.1. Bætur eru ekki greiddar úr þessari vátryggingu nema að kostnaður við endurbyggingu vátryggðs sumarbústaðs fari umfram brunabótamas hans.

## 14. Virðing tjóns

- 14.1. Meta skal viðgerðarkostnað á hinu vátryggða og ber þá að miða við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast er vátryggingaratburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.
- 14.2. Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem eigi teljast lengur hagkvæmar, nema um annað sé samið.

## 15. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að vátryggðum sumarbústað fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

## 16. Tvítrygging

16.1. Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

16.2. Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 16.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 17. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## III. Innbústrygging sumarbústaða (valkvætt)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
2. Vátryggður og meðvátryggður
3. Brot á varúðarreglum
4. Greiðsla iðgjalds
5. Endurgreiðsla iðgjalds
6. Eigendaskipti
7. Vátryggingin gildir
8. Samsömun
9. Eigin áhætta
10. Undirtrygging
11. Tvítrygging
12. Fyrning

#### B. Innbú

13. Vátryggðir hagsmunir
14. Bótasvið
15. Vátryggingarfjárhæð
16. Ákvörðun bóta

#### C. Orlofstækjetrygging (valkvætt)

17. Vátryggðir hagsmunir
18. Bótasvið
19. Vátryggingarfjárhæð
20. Ákvörðun bóta

#### D. Kæli- og frystivörutrygging (valkvætt)

21. Vátryggðir hagsmunir
22. Bótasvið
23. Ákvörðun bóta

#### E. Ofhitnun á þvotti (valkvætt)

24. Vátryggðir hagsmunir
25. Bótasvið
26. Ákvörðun bóta

#### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B, C, D og E kafla skilmála þessara.

#### 1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 1.1. Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 1.2. Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 1.3. Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða Kjarnaúrgangsefnis.

#### 2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1. Vátryggingartaki er vátryggður.
- 2.2. Meðvátryggðir eru fjölskylda vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.

#### 3. Brot á varúðarreglum

Skýlt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 4. Greiðsla iðgjalds

- 4.1. Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.



4.2. Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 5. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna bótaskylds tjóns.

## 6. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggða sumarbústað fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

## 7. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir í þeim sumarbústað sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vátryggingin gildir einnig í viðbyggingu við vátryggðan sumarbústað og í frístandandi húsnæði sem er á lóð vátryggðs sumarbústaðar.

## 8. Samsömun

8.1. Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

8.2. Þegar sumarbústaður er leigður út gegn gjaldi getur félagið borið fyrir sig háttsemi leigutaka og þeirra sem eru í sumabústaðnum á hans vegum.

## 9. Eigin áhætta

9.1. Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

9.2. Þegar tilgreindar eru í % hámarksbætur af vátryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

9.3. Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

## 10. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti vátryggðra muna meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 11. Tvítrygging

11.1. Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

11.2. Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 12. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## B. Innbú

### 13. Vátyggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

13.1. Innbús í sumarbústað sem er í eigu vátryggðu. Úr, skartgripir, málverk og önnur listaverk bætast með allt að 10% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðum vátryggingarstað þegar vátryggingaratburður verður. Með innbúi er átt við:

13.1.1. Almenn innbú og persónulega muni sem fylgja að staðaldri sumarbústöðum.

13.1.2. Sérgreint innbú, þ.e. peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast með allt að 1% af vátryggingarfjárhæð innbúsins hver liður, enda séu þessir munir í sumarbústað vátryggingartaka þegar vátryggingar-atburður verður.

13.2. Verkfæra, varahluta og áhalda, er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda

séu þessir munir í sumarbústað vátryggingartaka þegar vátryggingar-atburður verður.

## 14. Bótasvið

### 14.1. Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.1.1. Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 14.1.2. Eldingar.
- 14.1.3. Sprengingar.

**Vátryggingin bætir ekki:**

- 14.1.4. Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.  
Varúðarregla:
- 14.1.5. Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

### 14.2. Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.2.1. Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

**Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

- 14.2.2. Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

### 14.3. Slökkvi- og björgunaraðgerðir

Vátryggingin bætir:

- 14.3.1. Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar.
- 14.3.2. Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á innbúi í sambandi við bótaskyld tjón.
- 14.3.3. Muni sem glatast við ofangreindar aðgerðir.

### 14.4. Vatn, gufa og olía

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.4.1. Vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarbústaðarins og á upptök innan veggja hans.

- 14.4.2. Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum.

- 14.4.3. Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmunum vegna bilana.

- 14.4.4. Leka frá frystikistum og kælikápum, þó ekki á tækjum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára.

- 14.4.5. Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

**Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

- 14.4.6. Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

- 14.4.7. Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

Varúðarreglur:

- 14.4.8. Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi að óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti, til að fyrirbyggja frostskemdir.

- 14.4.9. Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

### 14.5. Þjófnaður

Vátryggingin bætir tjón vegna:

- 14.5.1. Þjófnaðar úr sumarhúsi.

Varúðarreglur:

- 14.5.2. Læsa skal sumarhúsum, viðbyggingum og öðru húsnæði á sumarbústaðalóðinni og loka öllum gluggum og krækja aftur.

### 14.6. Rán

Vátryggingin bætir tjón af völdum rans, þegar hinir vátryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### 14.7. Skemmdarverk

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.7.1. Skemmdarverka sem unnin eru af ásetningu.

**Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum skemmdarverka:**

- 14.7.2. Vátryggðs sjálfs.
- 14.7.3. Maka vátryggðs.
- 14.7.4. Einstaklings sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.
- 14.7.5. Á munum sem voru utan dyra annars staðar en við sumarhús vátryggðs um stundarsakir.

**14.8. Brot eða hrun**

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.8.1. Brots eða hruns á innbúi í sumarhúsi vátryggðs vegna tilfallandi bilana.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

- 14.8.2. Á verkfærum, gleraugum og úrum eða öðrum persónulegum lausafjármunum sem verða vegna brots eða hruns.
- 14.8.3. Af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun.
- 14.8.4. Vegna brots eða hruns af manna völdum.

Varúðarregla:

- 14.8.5. Vátryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir samkvæmt notkunarleiðbeiningum.

**14.9. Umferðaróhapp**

Vátryggingin bætir tjón af völdum umferðaróhapps á vátryggðu innbúi sem er inni í bifreiðinni sjálfri.

**14.10. Skammhlaup**

Vátryggingin bætir tjón:

- 14.10.1. Vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

- 14.10.2. Á tækjum sem eru eldri en 10 ára.
- 14.10.3. Sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til.
- 14.10.4. Sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennurbreytingu.

**Varúðarregla:**

- 14.10.5. Vátryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sem falla undir þennan tölulið sé í samræmi við notkunarleiðbeingar.

**14.11. Skyndilegur snjóþungi**

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 14.11.1. Skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggj sumarhússins.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

- 14.11.2. Sem rekja má til byggingargalla.

**14.12. Óveður**

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs, þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingar- atburðurinn átti sér stað.

**14.13. Loffför**

Vátryggingin bætir tjón af völdum lofffara og hluta sem frá þeim falla.

**15. Vátryggingarfjárhæð**

- 15.1. Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittum.
- 15.2. Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 15.3. Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

**16. Ákvörðun bóta**

- 16.1. Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 16.2. Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í

svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

16.3. Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt grein 14.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

16.4. Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar atburð.

16.5. Þrátt fyrir gr. 16.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%, sjá þó afskriftir vegna tölvu og fylgihluta hennar.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskr. á ári
--------	-----------------	--------------

Fatnaður	1 ár	20%
Hljómflutningstæki	2 ár	10%
Stafrænar myndavélar	1 ár	20%
DVD og heimabíó	1 ár	20%
Sjónvörp og myndb.tæki	2 ár	10%
Útvörp	2 ár	10%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	10%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

Tölvur og fylgihlutir þeirra afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar þau eru sex mánaða gömul. Afskriftir geta þó aldrei orðið meiri en 80 %.

16.6. Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefinna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.

16.7. Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

16.8. Minjagildi bætist ekki.

16.9. Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar-atburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

16.10. Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

## C. Orlofstækjetrygging (valkvætt)

### 17. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

17.1 Orlofstækja sem eru í eigu vátryggðu og að staðaldri eru staðsett í sumarbústaðnum.

Með orlofstækjum er átt við:

17.1.1 Sæpotu, kajak, slátturvélatraktor, snjóblásara, seglbretti, kanóa, árabáta með eða án utanborðsmótors.

17.1.2 Slöngubát og aðra sambærilega báta undir 5 metrum að lengd.

17.1.3 Golfbíla.

17.1.4 Þrátt fyrir grein 7. Í A kafla innbústryggingarinnar gildir vátryggingin vegna tækja sem vátryggð eru samkvæmt grein 17.1.1 og 17.1.2 í bátaskýlum sem tilheyra sumarbústaðnum.

### 18. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón vegna bruna, vatns, innbrots, óveðurs og snjóþunga á sama hátt og kemur fram í greinum 14.1, 14.4, 14.5, 14.11, og 14.12 í B kafla vátryggingarinnar.

### 19. Vátryggingarfjárhæð

19.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

19.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

19.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

### 20. Ákvörðun bóta

Ákvörðun bóta fer fram með sama hætti og kemur fram í greinum 16.1 til 16.4 í B kafla vátryggingarinnar.

## D. Kæli- og frystivörutrygging (valkvætt)

### 21. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til, kæli- og frystivöru sem er í eigu vátryggðu.

### 22. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón:

22.1 Á matvælum vegna ófyrirséðar stöðvunar á kælikerfum frystikistu eða kælikáps, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Bætur geta numið allt að 4% af vátryggingarfjárhæð innbús.

22.2 Á frystikistunni eða kælikápnum sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngra en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

#### Varúðarregla:

22.3 Vátryggður skal sjá til þess að notkun tækja sem undir þennan tölulið falla sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

### 23. Ákvörðun bóta

23.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti samskonar matvæla og eyðilögðust á tjónsdegi.

23.2 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað samskonar matvæli og urðu fyrir tjóninu.

## E. Ofhitun á þvotti (valkvætt)

### 24. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til, fatnaðar og líns sem er í eigu vátryggðu.

### 25. Bótasvið

25.1 Suða (ofhitun)

Vátryggingin bætir tjón:

25.1.1 Á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal vátryggður leggja

fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilunarlýsingu viðgerðarmanns. Bætur geta numið allt að 5% af vátryggingarfjárhæð innbús

#### Varúðarregla:

25.1.2 Vátryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél og þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeingar.

### 26. Ákvörðun bóta

26.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þvottsins.

26.2 Afskrift á fatnaði eftir eitt ár getur þó aldrei orðið hærrí en 20% á ári og ekki meiri en 70%.

26.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað samskonar hluti og urðu fyrir tjóninu.

## IV. Húseigendatrygging (valkvæð)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður og meðvátryggður
2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
3. Brot á varúðarreglum
4. Greiðsla iðgjalds
5. Endurgreiðsla iðgjalds
6. Eigendaskipti
7. Samsömun
8. Undirtrygging
9. Ákvörðun bóta
10. Tvítrygging
11. Fyrning

### B. Sumarbústaðartrygging

12. Vátryggðir hagsmunir
13. Bótasvið
14. Vátryggingarfjárhæð
15. Eigin áhætta
16. Viðbygging/endurbætur

### C. Sólfallur og fleirra (valkvætt)

17. Vátryggðir hagsmunir
18. Bótasvið
19. Vátryggingarfjárhæð
20. Eigin áhætta

### D. Frístandandiús (valkvætt)

21. Vátryggðir hagsmunir
22. Bótasvið

- 23. Vátryggingarfjárhæð
- 24. Eigin áhætta

**E. Pottur (valkvætt)**

- 25. Vátryggðir hagsmunir
- 26. Bótasvið
- 27. Vátryggingarfjárhæð
- 28. Eigin áhætta
- 29. Flutningskostnaður vegna tjóns

**F. Ábyrgðartrygging húseiganda  
(innifalin ef húseigendatrygging er valin)**

- 30. Vátryggður
- 31. Ábyrgðartími
- 32. Bótasvið
- 33. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
- 34. Varúðarreglur
- 35. Brot á varúðarreglum
- 36. Vátryggingarfjárhæð
- 37. Eigin áhætta
- 38. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
- 39. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
- 40. Staða tjónþola við tjón
- 41. Meðferð bótakrafna
- 42. Greiðsla iðgjalds
- 43. Endurgreiðsla iðgjalds
- 44. Eigendaskipti
- 45. Samsömun
- 46. Fyrning

**A. Almennir skilmálar**

Almennir skilmálar gilda um B, C, D, E og F kafla skilmála þessara.

**1. Vátryggður og meðvátryggðir**

- 1.1 Eigandi sumarbústaðar er vátryggður.
- 1.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í sumarbústaðnum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

**2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu**

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 2.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 2.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 2.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða Kjarnaúrgangsefnis.

**3. Brot á varúðarreglum**

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**4. Greiðsla iðgjalds**

- 4.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 4.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**5. Endurgreiðsla iðgjalds**

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna bótaskylds tjóns.

**6. Eigendaskipti**

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggða sumarbústað fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

**7. Samsömun**

- 7.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.
- 7.2 Þegar sumarbústaður er leigður út gegn gjaldi getur félagið borið fyrir sig háttsemi leigutaka og þeirra sem eru í sumarbústaðnum á hans vegum

**8. Undirtrygging**

Sé heildarverðmæti vátryggðra muna meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- 9.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við skemmdir vegna tjóns þannig að ástand hins vátryggða verði svipað og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 9.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef einstakur hlutur sem vátryggður er skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 9.4 Skemmist hið vátryggða það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins getur félagið greitt bætur í peningum sem nema andvirði hins vátryggða að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í því.
- 9.5 Þrátt fyrir gr. 9.1 geta afskriftir af parketi ekki orðið meiri en 5% á ári eftir að parket er orðið 5 ára gamalt. Afskriftir geta þó aldrei orðið í meiri en 70%.
- 9.6 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingarburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

## 10. Tvítrygging

- 10.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 10.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 11. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingarburður varð.

## B. Húseigendatrygging sumarbústaða

### 12. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til sumarbústaðar þess sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endur-nýjunarkvittun og venjulegra fylgihluta hans, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati samkvæmt matsreglum Þjóðskrá Íslands.

### 13. Bótasvið

#### 13.1 Vatn, gufa og olía

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 13.1.1 Vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarbústaðarins og á upptök innan veggja hans. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að sumarbústaðurinn sé í sama og eigi verra ástandi en hann var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.
- 13.1.2 Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmunum vegna bilana.
- 13.1.3 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.
- 13.1.4 Vatns sem lekur óvænt og skyndilega frá frystikistum og kælisrápum.
- 13.1.5 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 13.1.6 Vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 13.1.7 Vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 13.1.8 Á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra.
- 13.1.9 Vegna grunnlagna sem eru missingar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógir undirbyggingu. Þó bætist beint vatnstjón sem verður á húseign ef slík

lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu.

#### Varúðarreglur:

- 13.1.10 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi að óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti, til að fyrirbyggja frostskemdir.
- 13.1.11 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

### 13.2 Frostsprungur

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 13.2.1 Frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi sumarbústaðarins sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.
- 13.2.2 Frostsprungna á lagnagrind sumarbústaðarins þó að hún sé staðsett utan hans sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.
- 13.2.3 Frostsprungna á lögnum frá lagnagrind í sumarbústaðinn sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.

#### Varrúðarregla

Vátryggður skal sjá til þess að lagnir og lagnagrind séu ávallt varin fyrir veðrum og frosti.

### 13.3 Innbrot eða innbrotstilraun

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 13.3.1 Innbrots eða innbrotstilraunar.  
Varúðarregla:
- 13.3.2 Vátryggður skal sjá til þess að sumarbústaðurinn sé alltaf læstur og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur.

### 13.4 Gler

Vátryggingin bætir:

- 13.4.1 Tjón á gleri og af völdum brots á gleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.

#### Vátryggingin bætir ekki:

- 13.4.2 Tjón vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða utanhúss á því húsi sem hið vátryggða gler er í, nema um sé að ræða venjulegt viðhald svo sem málun.
- 13.4.3 Tjón vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á glerinu, ramma þess eða umhverfi.
- 13.4.4 Tjón sem verður á gleri þegar það rispast eða úr því flísast.
- 13.4.5 Tjón á gleri í heimilistækjum.
- 13.4.6 Tjón á gleri í skjólveggjum, girðingum eða gleri sem ekki er fast við vátryggða húseign.
- 13.4.7 Aukið verðgildi glers þegar þurft hefur að blýbræða eða blýleggja það í samsetningu eða á annan sambærilegan hátt. Í þessum tilvikum er glerið bætt eins og um venjulegt slétt gler væri að ræða.

### 13.5 Brot

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 13.5.1 Brots, þegar innréttingar, loftklæðingar eða aðrir hlutar sumarbústaðarins falla og brotan vegna tilfallandi bilunar.
- 13.5.2 Brots á hreinlætistækjum, eingöngu þegar þau brotan vegna óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða eftir að þeim hefur verið komið endanlega fyrir á þeim stað sem þeim var ætlað að vera á og svo lengi sem þau eru á sama stað. Eingöngu er bætt verðmæti hreinlætistækjanna sjálfra.
- 13.5.3 Brots á keramikhelluborði, eingöngu þegar það brotnar vegna óvæntra og skyndilegs utanaðkomandi atburðar eftir að því hefur verið komið endanlega fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Eingöngu er bætt verðmæti keramikhelluborðsins sjálfs.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 13.5.4 Á hreinlætistæki vegna viðhalds eða aðgerða sem framkvæmdar eru á hreinlætistækinu.
- 13.5.5 Á hreinlætistæki vegna þess að tækið rispast eða úr því flísast.
- 13.5.6 Á keramikhelluborði vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á keramikhelluborðinu.



13.5.7 Á keramikhelluborði vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á keramikhelluborðinu.

13.5.8 Á keramikhelluborði vegna þess að það rispast eða úr því flísast.

### 13.6 Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

13.6.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

13.6.2 Vegna sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

### 13.7 Skyndilegur snjópungi

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

13.7.1 Skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggj húseignarinnar.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

13.7.2 Sem rekja má til byggingargalla.

### 13.8 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

13.8.1 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta sumarbústaðarins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

13.8.2 Á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri.

### 13.9 Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

## 14. Vátryggingarfjárhæð

14.1 Vátryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat sumarbústaðarins og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

14.2 Vátryggingarfjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við vísitölur byggingarkostnaðar.

## 15. Eigin áhætta

15.1 Í hverju tjóni á sumarbústað ber vátryggður í eigin áhættu þá fjárhæð sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15.2 Í hverju glertjóni á sumarbústað ber vátryggður þó aðra eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

## 16. Viðbygging/endurbætur

Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu og Þjóðskrá Íslands um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verðaukningu húss, er orðið hefur eftir að það var síðast metið til brunabóta.

## C. Sólfallur og fleira (valkvætt)

### 17. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

17.1 Sólfalls, skjólveggja, girðinga og hliða á sumarbústaðarlóðinni.

### 18. Bótasvið

#### 18.1 Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

18.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

18.1.2 Eldingar.

18.1.3 Sprengingar í gufukatli til upphitunar húsa og tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa.

**Varúðarregla:**

18.1.4 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

#### 18.2 Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

18.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

**Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**

18.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

**18.3 Loftför**

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

**18.4 Vatn, gufa og olía**

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

18.4.1 Vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr innanhús leiðslum sumarbústaðarins eða utanhús lögnum tilheyrandi sumarbústaðnum.

18.4.2 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

18.4.3 Vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

18.4.4 Vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

18.4.5 Vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu. Þó bætist beint vatnstjón sem verður á pallinum ef slík lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu.

**Varúðarreglur:**

18.4.6 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í úpphrituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti, til að fyrirbyggja frostskemdir.

18.4.7 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

**18.5 Óveður**

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

18.5.1 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu, þó ekki ef sandur, mól,

aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

**18.6 Innbrot eða innbrotstilraun**

Vátryggingin bætir tjón:

18.6.1 Á sólpalli, skjólveggjunum, hliðum og girðingum vegna innbrots eða innbrotstilraunar í sumarbústaðinn eða áfasta viðbyggingu.

**Varúðarregla:**

18.6.2 Vátryggður skal sjá til þess að sumarbústaðurinn og áföst viðbygging séu alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur.

**19. Vátryggingarfjárhæð**

19.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

19.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

19.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.

**20. Eigin áhætta**

20.1 Í hverju tjóni ber vátryggður þá eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

20.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

**D. Frístandandi hús (valkvætt)**

**21. Vátryggðir hagsmunir**

Vátryggingin tekur til:

21.1 Viðbygginga áföstum sumarbústað eða önnur frístandandi hús á sumarbústaðarlóðinni.

## 22. Bótasvið

### 22.1 Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 22.1.2 Eldingar.
- 22.1.3 Sprengingar í gufukatli til upphitunar húsa og tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa.

#### Varúðarregla:

- 22.1.4 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

### 22.2 Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- 22.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

### 22.3 Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

### 22.4 Vatn, gufa og olía

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.4.1 Vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum sumarbústaðarins og á upptök innan veggja hans. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að sumarbústaðurinn sé í sama og eigi verra ástandi en hann var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.
- 22.4.2 Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmum vegna bilana.
- 22.4.3 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.
- 22.4.4 Vatns sem lekur óvænt og skyndilega frá frysti- kistum og kælikápum.

#### Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 22.4.5 Vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennislíðslum þeirra.
- 22.4.6 Vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislíðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 22.4.7 Á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra.
- 22.4.8 Vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu. Þó bætist beint vatnstjón sem verður á húseigninni ef slík lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu.

#### Varúðarreglur:

- 22.4.9 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í úpphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti, til að fyrirbyggja frostsKemmdir.
- 22.4.10 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

### 22.5 Frostsprungur

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.5.1 Frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi vátryggðs húss sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.
- 22.5.2 Frostsprungna á lagnagrind hússins þó að hún sé staðsett utan þess sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.
- 22.5.3 Frostsprungna á lögnum frá lagnagrind í vátryggt hús sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega.

#### Varrúðarregla

- 22.5.4 Vátryggður skal sjá til þess að lagnir og lagnagrind séu ávalt varin fyrir veðrum og frosti.

### 22.6 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.6.1 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu, þó ekki ef sandur, mól,

aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það..Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

## 22.7 Innbrot eða innbrotstilraun

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

22.7.1 Innbrots eða innbrotstilraunar í sumarbústaðnum sjálfum eða áfastri viðbyggingu.

### Varúðarregla:

22.7.2 Vátryggður skal sjá til þess að húsið sé alltaf læstur og öllum gluggum lokað og þeir krækir aftur.

## 23. Vátryggingarfjárhæð

23.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

23.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

23.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.

## 24. Eigin áhætta

24.1 Í hverju tjóni ber vátryggður þá eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

24.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

## E. Heitur pottur (valkvætt)

### 25. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til: Heitra potta sem staðsettir eru á landi vátryggðs sumarbústaðar.

## 26. Bótasvið

### 26.1 Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

26.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

26.1.2 Eldingar.

26.1.3 Sprengingar.

### Vátryggingin bætir ekki:

26.1.4 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.

### Varúðarregla:

26.1.5 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

## 26.2 Loffför

Vátryggingin bætir tjón af völdum lofffara og hluta sem frá þeim falla.

## 26.3 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

26.3.1 Óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu, þó ekki ef sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

### Varúðarregla:

26.3.2 Vátryggður skal sjá til þess að pottlok sé tryggilega fest niður með því að loka því og krækja því aftur eða festa það niður á annan hátt þegar hætta er á óveðri.

## 26.4 Þjófnaður

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða vegna:

26.4.1 Þjófnaðar.

26.4.2 Skemmda á hinu vátryggða sem valdið er í kjölfar þjófnaðar.

## 26.5 Frostsprungur

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

26.5.1 Frostsprungna á lagnakerfi pottsins sem verður við það að lagnir pottsins frostspringa.

#### Varrúðarregla:

- 26.5.2 Ef slökkt er á rafmagnspotti skal vátryggður sjá til þess að vatnslagnir pottsins séu tæmdar þegar hættu er á frosti.

#### 27. Vátryggarfjárhæð

- 27.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 27.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 27.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.

#### 28. Eigin áhætta

- 28.1 Í hverju tjóni ber vátryggður þá eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 28.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

#### 29. Flutningskostnaður vegna tjóns

- 29.1 Ef tjón verður á potti og flytja þarf pottinn frá sumarbústað til viðgerðar og aftur til baka, telst sá flutningskostnaður aldrei hluti af viðgerðarkostnaði og bætist því ekki.

## F. Ábyrgðartrygging húseiganda

Innifalin ef húseigendatrygging er valin

#### Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaða-bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

#### 30. Vátryggður

Eigandi sumarbústaðarins er vátryggður.

#### 31. Ábyrgðartími

- 31.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 31.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 31.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátrygging-artímabilinu.

#### 32. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 32.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda sumarbústaðar sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

#### Vátryggingin bætir ekki:

- 32.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 32.3 Tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum.
- 32.4 Tjón sem verður vegna atvinnu vátryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra.

32.5 Tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.

32.6 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

32.7 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

32.8 Tjón sem verður sökum mengunar loftslags, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.

32.9 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.

32.10 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

### 33. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

33.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

33.2 Styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

33.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða Kjarnaúrgangsefnis.

### 34. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

### 35. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 36. Vátryggingarfjárhæð

36.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við

vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

36.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

36.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

### 37. Eigin áhætta

37.1 Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

37.2 Nái höfuðstóll bótafjárhæðar ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærrí en fjárhæð eigin áhættu.

37.3 Eigin áhætta breytist miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

### 38. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

### 39. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

39.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

39.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

39.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

39.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.

39.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar-  
atburði. Vátryggingin skal einungis bæta  
raunverulegt tjón vátryggðs.

#### 40. Staða tjónþola við tjón

40.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna  
skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur  
tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu  
og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola  
um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

40.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur  
félaginu skal tilkynna það vátryggðum án  
ástæðulauss dráttar og veita honum  
upplýsingar um meðferð kröfunnar.  
Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að  
ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

40.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist  
höfða mál á hendur því og getur það þá  
krafist þess að hann beini málshöfðuninni  
einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna  
tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar  
tafar og á sannanlegan hátt.

40.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44.  
gr. laga um vátryggingarsamninga nr.  
30/2004.

#### 41. Meðferð bótakrafna

41.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu  
sína eða gera samninga um bætur án  
samþykkis félagsins.

41.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna  
vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og  
annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á  
reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir  
þjörgun eða aðstoð.

#### 42. Greiðsla iðgjalds

42.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga  
þegar greiðslu þess er krafist.

42.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið  
réttindamissi og niðurfellingu

vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um  
vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 43. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en  
vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið  
iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður  
hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.  
Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur  
hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur  
fullnægt skyldum sínum með því að greiða  
vátryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna  
bótaskylds tjóns.

#### 44. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggða  
sumarbústað fellur vátryggingin úr gildi þegar  
eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er  
þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður  
verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef  
hinn nýji aðili hefur ekki sjálfur tekið  
vátryggingu.

#### 45. Samsömun

45.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér  
rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka  
vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu  
varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um  
vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

45.2 Þegar sumarbústaður er leigður út gegn gjaldi  
getur félagið borið fyrir sig háttsemi leigutaka  
og þeirra sem eru í sumabústaðnum á hans  
vegum.

#### 46. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum  
um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr.  
52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr.  
30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 13. Maí  
2013.